

Nd.

400. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 29. jan. 1941. Samkvæmt frv. eru ákvæði 88. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, fyllri og nákvæmari og ákvæðum 95. gr. sömu laga breytt þannig, að nú skal skilyrðislaust höfða opinbert mál gegn þeim, sem gera sig seka um þjóðhættulegu brot, sem greinin nær yfir. Nefndin telur rétt að lögfesta breytingar þessar.

Alþingi, 6. maí 1941.

Bergur Jónsson,
form., frsm.

Vilmundur Jónsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson.

Jóhann G. Möller.

Garðar Þorsteinsson.